

149 leggja við höfuðstólinn, unz sjóðurinn nær að verða kr. 20000.00. Þá má verja öllum 4. ágúst vöxtum hans samkvæmt tilgangi hans. Nú er eitthvert ár ekki varið þeim hluta vaxtanna, sem heimilt er, og er stjórn sjóðsins þá heimilt að verja síðar samanlögðum  $\frac{3}{4}$  vaxtahlutum í sama skyni, þótt ekki séu út teknir árlega, t. d. þegar um kostnaðarsamar framkvæmdir er að ræða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé hans á sem tryggastan hátt annað hvort í Landsbanka Íslands eða annarri þeirri lánsstofnun, er hefur ríkisábyrgð. Kaupa skal ríkis tryggð verðbréf fyrir sjóðinn, ef það þykir hagkvæmt. Reikningur sjóðsins skal gerður árlega, og skal hann endurskoðaður af sóknarprestinum í Vatnsfjarðarsókn. Skal jafnan leita álits hans um framkvæmdir þær, er gerðar verða samkvæmt tilgangi sjóðsins.

7. gr.

Hætti kvenfélagið störfum eða það leysist upp, skal umráð og gæzla sjóðsins falla undir verkvið sóknarnefndar Vatnsfjarðarsóknar, er þá einnig annast framkvæmdir samkvæmt skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í stjórn Kvenfélagsins Sunnu í Reykjarfjarðarhreppi,

Vatnsfirði, í júní 1953.

Rannveig Kristjáns,  
gjaldkeri.

Ragnheiður Hákonardóttir,  
formaður.

Dagb. Kristjánsdóttir,  
ritari.

150

18. ágúst

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir heimæðar hitaveitu Reykjavíkur,  
nr. 173 1. september 1943.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera kr. 50.00 — fimmtíu krónur — fyrir hverja 10 rúmmetra af upphituðu rúmmáli húsa samkvæmt utanmáli án frádráttar vegna súðar.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, um hitaveitu Reykjavíkur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1953.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*